

# KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

stofnað 27. janúar 1907.  
Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík  
Sími 551 8156 • Bréfsími 562 5150  
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 128/856  
komudagur 24.1.2003

**Nefndasvið Alþingis**  
**Þórshamri v/Templarasund**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík 9. janúar 2003


**Varðandi: Tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi fyrir kvenna-  
hreyfinguna á Íslandi (þskj.19 - 19 mál)**


Kvenréttindafélag Íslands lýsir yfir stuðningi við tillögu til þingsályktunar um að komið verði á bættu starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi.

Kvenréttindafélag Íslands leggur áherslu á að stofnaður verði sjóður, sem gerir frjálsum félagasamtökum auðveldara en nú er að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, en eins og allir sem til þekkja vita, eru frjáls félagasamtök með ráðstefnur til hliðar við stórar ráðstefnur um mannréttindi, umhverfismál o.fl. á vegum stjórnvalda. Frjáls félagasamtök veita þannig bæði upplýsingar og aðhald. Kvenréttindafélag Íslands á aðild að alþjóðasamtökum kvenna (International Alliance of Women) 32 þing samtakanna var haldið í Colombo á Sri Lanka í september 2002. Þorbjörg Inga Jónsdóttir formaður KRFÍ, var á þinginu, kjörin í aðalstjórn samtakanna, og er það í fimmta sinn sem íslensk kona er kjörin í stjórn IAW. Á þinginu var samþykkt aðgerðaáætlun 2002 – 2004 sem byggð er á reynslu samtakanna sem samband alþjóða landsfélaga, sem vinnur í nánum tengslum við Sameinuðu þjóðirnar. Um þessar mundir blasa við ný og stórkostleg viðfangsefni, sem gætu styrkt baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna, jöfnum réttindum og jöfnum skyldum. Af þeim sökum staðfesta samtökin tvö megin ætlunarverk sjálfstæð en þó samfléttuð, og eru þessi “**Mannréttindi-Kvenréttindi, Hnattvæðing**” (þ.e. að mannréttindi séu kvenréttindi og að þau verði viðurkennd í öllum heimshornum).

Eins og staðan er í dag er erfitt um vik, vegna fjárskorts geta félögin lítið annað gert en sinna bráðnaúðsylegum rekstri og verkefnum á innanlandsvettvangi.

Orð eru til alls fyrst og þær hugmyndir sem kvikna í grasrótinni hafa orðið í árunna rás sá veruleiki, sem mannkynið hefur notið góðs af. Margar slíkar hugmyndir hafa orðið til innan kvennahreyfinga. Nauðsynlegt er að skapa það umhverfi sem þarf til að Kvennahreyfingin á Íslandi og stjórnvöld í sameiningu geti í raun jafnað stöðu kynjanna.

  
Þorbjörg Inga Jónsdóttir,  
formaður.

  
Ragnhildur G. Guðmundsdóttir,  
framkvæmdastjóri.